

# SAMÞYKKT

## um breytingu á samþykkt um stjórn Vesturbyggðar nr. 371/2014.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

- a. 3. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
*Menningar- og ferðamálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fjallar um menningarmál, ferðamál og bókasafnmál skv. 8. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012 og vinnur að safnamálum almennt í bæjarfélaginu skv. safnalögum nr. 14/2011. Fulltrúar í ráðinu tilnefni fulltrúa í rekstrarnefndir Félagsheimilisins á Patreksfirði, Baldurshaga á Bíldudal og Birkimels á Barðaströnd. Rekstrarnefndirnar fara með rekstur félagsheimilanna skv. lögum um félagsheimili nr. 107/1970. Ráðið fer með önnur mál skv. erindisbréfi sem því er sett.
- b. 7. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
*Hafna- og atvinnumálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fer með atvinnumál í sveitarfélaginu, það fjallar m.a. um landbúnaðarmál og sjávarútvegmál, ásamt málum tengdum öðrum atvinnugreinum. Ráðið fer með landbúnaðarmál sbr. lög um búfjárhald nr. 38/2013 og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Ráðið gegnir hlutverki hafnarstjórnar skv. hafnarlögum nr. 61/2013.
- c. 6. tölul. C-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
*Öldrunarráð.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni aldraðra skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni eru sett.

### 2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu 25. júlí 2018.*

F. h. r.

Hermann Sæmundsson

Stefanía Traustadóttir